



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 21. mars 2023

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Leikmannaskipti í mótum meistaraflokka

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 21. mars voru breytingar samþykktar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Breytingarnar hafa það í för með sér að nú er fyrirkomulag leikmannaskipta orðið samræmt í Íslandsmótum meistaraflokka og í bikarkeppnum KSÍ í meistaraflokki.

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir tilgreindar breytingar:

Það sem samþykkt hefur verið að bæta við í reglugerð er **grænmerkt**

Það sem samþykkt hefur verið að fjarlægja úr reglugerð er **yfirstrikað**

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

23.gr.

Meistaraflokkur karla

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhléið til skiptinga. Sé leikur framlengdur má hvort líð nota einn varamann til viðbótar með því að nota eina leikstöðvun til viðbótar. Einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til skiptinga. Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 2., 3., 4., 5. og Utandeild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. 1 viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

Stærð knattar: 5

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í efsta deild karla, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

29.gr.

Meistaraflokkur kvenna

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að setja 5 varamenn inn á í leik. Í hverjum leik er heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til skiptinga en einnig má nýta leikhléið til skiptinga. Sé leikur framlengdur má hvort

lið nota einn varamann til viðbótar með því að nota eina leikstöðvun til viðbótar. Einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til skiptinga. Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 1. og 2. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. 1 viðbótarskipting er heimilud í framlengingu.


Stærð knattar: 5.

Heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skal leggja til 7 eins knetti í leikjum í efstu deild kvenna, aðalkeppni bikarkeppni KSÍ og meistarakeppni KSÍ, en 3 í öðrum leikjum. Allir knettirnir eru jafngildir. Skiptiknöttur skal vera aftan við hvort mark og tveir við hvora hliðarlínu, þar sem við á, í umsjón boltakrakka, sem heimalið eða framkvæmdaraðili leiks skipa. Boltakrakkar skulu auðkenndir og fjöldi þeirra ekki vera færri en átta þar sem 7 knettir eru notaðir.

Greinargerð

Breytingar sem samþykktar hafa verið á reglugerð um knattspyrnumót varða reglur um leikmannaskipti í mótum meistaraflokka. Með samþykktum breytingum á reglum um leikmannaskipti er fyrirkomulag nú orðið samræmt. Með því móti er komið í veg fyrir misræmi á milli keppna í meistaraflokki og reynt eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að mistök eigi sér stað.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ